

tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þér, eptir því sem nú er ástatt, án þess yður hafi sérstaklega verið fengið vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með bréfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þér, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í bréfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þér fenu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sé veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sé hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, er þarf í því efni.

42. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, há-